

1872.

7. septbr.

88. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um aukaútsvar sveitarómaga.

Í brefi 18. septbr. f. á. hafið þér, herra amtmaður, lagt það undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar, hvort Guðmundur nokkur Guðnason, sem á heima í Strandarhrepp og Borgarfjarðarsýslu í suðurumdæminu, sè skyldur til einsog álitid er í úrskurði stiptamtmannsins 4. janúar s. á., að greiða aukaútsvar þar í hreppnum til fátækra, þótt hann sjálfur fái árlegan fátækra styrk frá framfærsluhrepp sínum, sem er Þverárhliðarhreppur í Mýrasýslu í vesturumdæminu.

Eptir að vèr höfum gefið stiptamtmanni tækifæri til að segja álit sitt um málið, gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið verður að vera yður samdóma í því, að eigi verði lagt aukaútsvar til fátækra á þá menn, sem sjálfir eru njótandi fátækrastryks, og verði því ekki jafnað niður á tæðan Guðmund Guðnason nokkru útsvari til Strandarhrepps ámeðan svona stendur á fyrir honum.

12. septbr.

89. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um endurgjald fyrir tekjurýrnun við landfógetaembættið.

Með brefi, dagsettu 13. dag júním. þ. á., hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá nokkra, þar sem kanselliráð Árni landfógeti Thorsteinsson hefir farið framá, að honum verði veitt árlegt endurgjald eptir meðaltölu þeirra tekja, sem hann hefir haft á fjarhagsárunum 1866—67—1870—71 af því, þegar borgað hefir verið fè í jarðabókarsjóð Íslands til þess það verði borgað aptur úr aðalfèhirzlunni, fyrir rýrnan þá í tekjum andfógetaembættisins, sem orðið hafi vegna þess, að menn svo að segja með öllu sè nú hættir að borga fè til jarðabókarsjóðsins, mót endurgjaldi úr ríkisfèhirzlunni, en senda nú peninga með

1872.

12. septbr.

póstávísunum. Þessari bænarskrá til stuðnings hefir Árni kanselliráð Thorsteinsson getið þess, að annir hans og peningaábyrgð hafi ekki minnkað að því skapi sem þessar tekjur hans hafi rýrnað, með því dómsmálastjórnin í bræfi, 11. septbr. f. á., hafi lagt honum fyrir, að taka við í jarðabókarsjóðinn afganginum af peningum þeim, sem fyrir hönd aðalpóststjórnarinnar verða heimtir á Íslandi, án þess að honum hafi verið veitt nokkurt endurgjald fyrir fyrirhöfn þá og ábyrgð, sem þessu væri samfara. Um leið og þér, herra stiptamtmaður, senduð hingað bænarskrána, hafið þér látið í ljósi þá skoðun, að landfógeti hefði gyldar kröfur til þess að fá endurgjöldna tekjurýrnun þá, sem hlotizt hefði af hinu nýja fyrirkomulagi á peningasendingum, en þetta skyldi eigi gjört með því, að veita honum fasta upphæð á hverju ári, heldur á þann veg, að sá $\frac{1}{4}$ af hverju hundraði, sem hann hafi haft hingað til fyrir það, þegar menn borguðu fê til jarðabókarsjóðsins, mót endurgjaldi úr aðalfêhirzlunni, skyldi einnig veittur honum af þeim peningum, sem póststjórnin samkvæmt því fyrirkomulagi, sem nú er, borgar til jarðabókarsjóðsins, og hafið þér borið fyrir, að það væri í rauninni hið sama og áður, þegar peningar voru látnir í jarðabókarsjóðinn, til þess þeir yrði aptur borgaðir úr aðalfêhirzlunni.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að það er hvorttveggja, að það getur ekki heimilað landfógetanum heimtingu til endurgjalds, þó það fari minnkandi eða hætti alveg, að menn borgi fê til jarðabókarsjóðsins mót endurgjaldi úr ríkisfêhirzlunni, með því honum er að eins veittur $\frac{1}{4}$ af hverju hundraði af þeim peningum, sem í raun og veru eru borgaðir til jarðabókarsjóðsins í þessum tilgangi, þannig að þóknunin fer ávallt beinlínis eptir fyrirhöfninni, enda getur dómsmálastjórnin heldur ekki fallizt á þá skoðun, að það, að póstgjöld verði borguð á tæðan hátt til jarðabókarsjóðsins, sê álitid svo sem peningar væri borgaðir í sjóðinn mót endurgjaldi hér úr aðalfêhirzlunni eptir því, sem fyrir er mælt í úrskurði 8. maí 1839¹⁾; því jafnvel þó nokkuð af því, sem

¹⁾ Lovsamling for Island, XI., 355.

1872.

12. septbr.

borgað er af póstgjöldum til jarðabókarsjóðsins, sè látið í hann, til þess það verði borgað út hær aptur, þá er það, hvernig sem á það mál er litið, borgað sem geymsluð póststjórninni til handa, en eigi jarðabókarsjóðnum, enda verður það aptur endurgildið af póststjórninni, og ekki úr aðalféhirzlunni. Það er í rauninni peninga-viðskipti, sem fram fara í þarfir landsstjórnarinnar, til þess að útvega jarðabókarsjóðnum reiðupeninga með hægra móti, í stað þess að senda þá hëðan. Með því, samt sem áður, að þetta fyrirkomulag færir landfógeta á hendur annir og ábyrgð, að því leyti, sem það getur viljað til að peningar verði mistaldir, hefir stjórnarráðinu fundizt það sanngjarnt, að honum verði veitt endurgjald, og virðist hæfilegt, að það sè látið vera einn af hverju þúsundi, með því landfógeti eigi á að taka við peningunum í mörgum stærri eða minni skömtum, sem kvitta skal fyrir sèr í lagi og gefa út ávisun til, eins og þegar fè er borgað til jarðabókarsjóðsins mót endurgjaldi úr aðalféhirzlunni samkvæmt framannefndum úrskurði, 8. maí 1839. Jafnframt og landfógeta er veitt endurgjald þetta fyrst um sinn, skal því við bætt, að það verður borgað honum fyrir fjárhagsárin 1871—72 og 1872—73 af því fè, sem ætlað er til óvissra útgjalda, þannig að landfógeti má, þegar þessi úrskurður er birtur honum, borga sjálfum sèr og telja með útgjöldum á tæðri gjaldagrein einn af hverju þúsundi af þeim peningum, sem póstafgreiðslumaður aðalpóststjórnarinnar í Reykjavík hefir borgað til jarðabókarsjóðsins á reikningsárinu, sem leið, og á þeim tíma, sem liðinn er til þessa af yfirstandandi reikningsári, og skal hann með póstferðinni aptur hingað senda skýrslu um, hve mikið hann hafi borgað; framvegis og til 31. marz 1873 skal hann í hvert skipti og póststjórnin greiðir fè til jarðabókarsjóðsins sömuleiðis þegar taka gjaldið, sem honum ber, og jafnframt og hann skýrir frá, við hve miklu hann hafi tekið hjá póststjórninni, skal hann og segja til, hversu mikið hann hafi talið og borgað í gjald handa sjálfum sèr. Um það, af hverri gjaldagrein greiða skuli gjald það, sem landfógetanum ber, má búast við nákvæmari skýrslu, þegar að því kemur.